

REGLUGERÐ

um (26.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 66. tölul., svohljóðandi:

66. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/568 frá 6. apríl 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/568 sem nefnd er í 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 93/1995, um matvæli, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/568**

frá 6. apríl 2021

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis (¹), einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 8. gr. (4. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útgunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (²), einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 (³) er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndur vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).
- 3) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjörnorkubandalagi Evrópu (hér á eftir nefndur útgöngusamningurinn), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gilda tilskipanir 2002/99/EB og 2009/158/EB, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á þeim, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum.
- 4) Þess vegna er Breska konungsríkið, að undanskildu Norður-Írlandi, skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum er leyfður frá tilteknum hlutum yfirráðasvæðis þess, háð því hvort alvarleg fuglainflúensa sé fyrir hendi. Þessi svæðaskipting Breska konungsríkisins er sett fram í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/256 (⁴).
- 5) Hinn 29. mars 2021 staðfesti Breska konungsríkið að alvarleg fuglainflúensa af undirgerð H5N8 væri fyrir hendi á alifuglabújórdi í East Staffordshire.
- 6) Heilbrigðisyrifvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu komu upp 10 km varnarsvæði umhverfis viðkomandi bú og innleiddu niðurskurðarstefnu til að verjast alvarlegri fuglainflúensu og hefta útbreiðslu hennar. Heilbrigðisyrifvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu staðfestu enn fremur að þau hefðu tafarlaust hætt útgáfu á heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir vegna sendinga á vörum sem ætlaðar voru til útflutnings til Sambandsins frá öllu yfirráðasvæði Breska konungsríkisins, að undanskildu Norður-Írlandi.
- 7) Breska konungsríkið hefur lagt upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu og til hvaða aðgerða það hafi gripið, sem framkvæmdastjórnin hefur nú lagt mat á, til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu. Á grundvelli þessa mats er við hæfi að setja takmarkanir á innflutning til Sambandsins á vörum frá svæðinu sem heilbrigðisyrifvöld Breska konungsríkisins á sviði dýra og dýraafurða hafa sett takmarkanir á vegna núverandi uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í East Staffordshire.
- 8) Því ætti að breyta færslunni fyrir Breska konungsríkið í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til núverandi faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.
- 9) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(²) Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

(⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/256 frá 18. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu (Stjtið. ESB L 58, 19.2.2021, bls. 36).

VIDAUKI

Í stað færslunnar fyrir Breska konungsríkið í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

„GB - Breska konungsríkið (¹)“	GB-0	Landið allt	SPF							
			EP, E							
	GB-1	Breska konungsríkið, landið allt að undanskildu svæði GB-2	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20 WGM POU, RAT		N				A	
	GB-2	Yfirráðasvæði Breska konungsríkisins sem samsvarar:								
	GB-2.1	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.30 og W1.47	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021	6.1.2021	A		
WGM				P2	1.1.2021	6.1.2021				
POU, RAT				N	1.1.2021	6.1.2021				
	GB-2.2	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.29 og W1.45	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021	8.1.2021	A		
WGM				P2	1.1.2021	8.1.2021				
POU, RAT				N	1.1.2021	8.1.2021				
	GB-2.3	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.49 og E0.95	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021	10.1.2021	A		
WGM				P2	1.1.2021	10.1.2021				
POU, RAT				N	1.1.2021	10.1.2021				
	GB-2.4	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.72 og E0.15	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021	11.1.2021	A		
WGM				P2	1.1.2021	11.1.2021				
POU, RAT				N	1.1.2021	11.1.2021				
	GB-2.5	Derbyshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.93 og W1.57	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021	17.1.2021	A		
WGM				P2	1.1.2021	17.1.2021				
POU, RAT				N	1.1.2021	17.1.2021				

GB-2.6	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.37 og W2.16	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	19.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	19.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	19.1.2021				
GB-2.7	Orkneyjar: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N59.28 og W2.44	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	20.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	20.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	20.1.2021				
GB-2.8	Dorset-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N51.06 og W2.27	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	20.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	20.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	20.1.2021				
GB-2.9	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.52 og E0.96	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	23.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	23.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	23.1.2021				
GB-2.10	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.52 og E0.95	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	28.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	28.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	28.1.2021				
GB-2.11	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10,4 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.53 og E0.66	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	7.2.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	7.2.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	7.2.2021				
GB-2.12	Devon-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N50.70 og W3.36	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	1.1.2021	31.1.2021	A			
		WGM	P2	1.1.2021	31.1.2021				
		POU, RAT	N	1.1.2021	31.1.2021				
GB-2.13	Nálægt Amlwch, Isle of Anglesey, Wales: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N53.38 og W4.30	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	27.1.2021		A			
		WGM	P2	27.1.2021					
		POU, RAT	N	27.1.2021					
GB-2.14	Nálægt Redcar, Redcar og Cleveland, England: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.57 og W1.07	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	8.2.2021		A			
		WGM	P2	8.2.2021					
		POU, RAT	N	8.2.2021					
GB-2.15	Glenrothes, Fife, Skotland Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N56.23 og W3.02	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N	12.2.2021		A			
		WGM	P2	12.2.2021					
		POU, RAT	N	12.2.2021					

	GB-2.16	Staffordshire-sýsla, Derbyshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.99 og W1.85	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	29.3.2021		A		
			WGM		P2	29.3.2021				
			POU, RAT		N P2	29.3.2021				

(¹) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinada konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2021